



Nám í 8.-10. bekk

veturinn 2019-2020

Síðasti skiladagur er **fimmtudaginn 30. maí kl. 21:00**

Vanda þarf valið mjög vel því erfitt getur reynst að breyta síðar.

Gangi ykkur vel að velja ☺
Svava Margrét Ingvarsdóttir
Aðstoðarskólastjóri - Engi

Um nám í 8. - 10. bekk

Nám í 8.-10. bekk skiptist í **kjarnagreinar** og **valgreinar**. Nemendur taka kjarna samkvæmt aðalnámsskrá. Síðan velja nemandur sér valgreinar við hæfi og áhuga hvers og eins.

Kjarnafög	Kennslustundir 8. bekkur	Kennslustundir 9. bekkur	Kennslustundir 10. bekkur
Íslenska	6	6	6
Stærðfræði	6	6	6
Enska	4	4	4
Danska	3	3	3
Náttúrufræði	3	3	3
Samfélagsfræði	3	3	0
Þjóðfélagsfr./fjármálalæsi/lífsleikni	0	0	3
Íþróttir	2	2	3
Sund	1	1	0
Umsjón	1	1	1
Lífsleikni	1	1	0
Undirb. f. framhaldsnám/námstækni	0	0	1
List- og verkgreinalotur	4	2	2
Valgreinar	3	5	5
Samtals stundir	37	37	37

Valgreinar

Við kjarna bætast valgreinar sem nema þremur stundum í 8. bekk og fimm stundum í 9.-10. bekk. Sjá nánar lýsingar og valblað. **Miðað er við að hver nemandi sé samtals 37 kennslustundir á viku yfir skólaárið.**

Valgreinar eru hluti af skyldunámi nemenda í 8. – 10. bekk. Með því að bjóða upp á meira val er verið að laga námið að áhuga og þörfum nemenda. Val nemenda hefur áhrif á skipulag skólans og þar af leiðandi getur reynst erfitt að gera breytingar á vali eftir að skóli hefst í haust. Sumar valgreinar eru blandaðar nemendum í 8.- 10. bekk. Einhverjar valgreinar eru eingöngu í boði fyrir ákveðna árganga. Vegna fjöldatakmarkana í valgreinum þá er ekki víst að nemandur fái allar þær valgreinar sem þeir hafa óskað eftir.

Valinu á að skila rafrænt í síðasta lagi

fimmtudaginn 30. maí fyrir kl. 21:00

Nám í valgreinum – sömu kröfur og í öðrum greinum

Þó nemendur velji sér greinar er nám í valgreinum ekki frábrugðið námi í öðrum greinum. Sömu námslegu kröfur eru gerðar í valgreinum og í öðrum greinum sem kenndar eru í grunnskólanum. Gerðar eru kröfur til nemenda í samræmi við aldur þeirra og færni í valgreinum sem öðrum greinum. Góðum verkum fylgir ævinlega ánægja og tryggasta leiðin til að vera ánægður í skóla er nú sem fyrr að leggja sig fram.

Athugaðu að vegna fjölda í hópum og skuldbindinga kennara verður mjög erfitt að breyta vali þínu síðar og alls ekki eftir fyrstu kennsluviku í ágúst. Ákveðnar greinar geta lokast vegna fjöldatakmakana og einnig geta valgreinar fallið niður vegna lítillar þátttöku. Vandaðu því valið.

Framkvæmdin

Mikið framboð á valgreinum kallar á árekstra í stundatöflu. Því er nauðsynlegt að flokka greinarnar saman fyrirfram. **Fög í sama reit verða kennd á sama tíma.**

Nauðsynlegt er að velja a.m.k. 6 greinar til vara, því ekki er víst að hægt verði að uppfylla allar óskir. Takmarka þarf aðgang að hópum vegna plássleysis eða þeir verða of fámennir.

- **Heildartímafjöldi í kjarna og vali á að vera 37 stundir á viku yfir skólaárið**
- Mikilvægt er að nemandi velji námsgreinar úr hverjum ramma. Þær námsgreinar sem eru í sama ramma eru kenndar á sama tíma.
- 8. bekkur velur 3 kennslustundir yfir allt skólaárið.
- 9. og 10. bekkur velja 5 kennslustundir yfir allt skólaárið.
- Almenna reglan er að þær greinar sem kenndar eru hálf t.árið teljast sem ein kennslustund á ársgrundvelli. Þær greinar sem eru kenndar allt árið teljast ýmist tvær kennslustundir eða ein. Sjá valblað.

Mikilvæg atriði!

- **Opnað verður fyrir rafrænt val kl. 18:00 þriðjudaginn 28. maí**
- **Lokað verður fyrir rafrænt val kl. 21:00 fimmtudaginn 30. maí**

Lokaskil á valinu á að fara fram inn á eftirfarandi slóð: valgreinar.is/vaettaskoli/val

- Foreldrar fá notendanafn og lykilorð sent rafrænt.
 - Mikilvægt er að netföng foreldra séu rétt skráð.
 - Einnig er hægt að nálgast lykilorðið hjá aðstoðarskólalastjóra.
- **Umsókn um val utan skóla er ekki tekið gilt nema umsókninni hafi verið skilað á þar til gerðu umsóknarblaði. Síðasti skiladagur er 31. maí á skrifstofu skólans.**
 - Val kallar á ábyrgð og því er mikilvægt fyrir hvern og einn nemanda að ígrunda þá kosti sem eru í boði. Þegar þú velur þér valgreinar skaltu hafa áhugasvið þín og styrkleika í huga.
 - Aðstoðarskólalastjóri og náms- og starfsráðgjafi eru til viðtals um valáfangana ásamt þeim kennurum sem kenna viðkomandi valgrein.

Námslýsing á valgreinum

Boltaíþróttir I – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt á haust- eða vorönn í 80 mínútur í senn.** Farið verður í helstu boltagreinar sem stundaðar eru hér á landi þ.e. fótbolta, körfubolta, handbolta og blak. Námið er að mestu leyti verklegt og fer fram á íþróttasvæðum við Vættaskóla og sparkvöllum við Egilshöll. Stöku sinnum fer kennsla fram í kennslustofu þar sem farið verður í grunntækni, leikfræði og leikreglur og unnið í verkefnum því tengdu.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist dýpri skilning á boltagreinum
- kynnist undirstöðuatriðum og taki þátt í verklegum æfingum sem ná til tækni, leikfræðipjálfunar og þrekpjálfunar
- læri undirstöðuatriði liðssamvinnu og geti útfært þessi atriði í leikrænum æfingum og leikæfingum
- læri helstu leikreglur í hverri íþróttgrein
- fái tækifæri til þess að dæma knattleiki
- fái grunnþekkingu í uppbyggingu pjálfunar í hverri boltagrein.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir skólaíþróttir.

Boltaíþróttir II – Í boði fyrir 9.-10 bekk. **Valið er kennt á haust- eða vorönn í 80 mínútur í senn.**

Haldið verður áfram að fara í helstu boltagreinar sem stundaðar eru hér á landi þ.e. fótbolta, körfubolta, handbolta og blak. Námið er að mestu leyti verklegt og fer fram á íþróttasvæðum við Vættaskóla og sparkvöllum við Egilshöll. Stöku sinnum fer kennsla fram í kennslustofu þar sem farið verður í grunntækni, leikfræði og leikreglur og unnið í verkefnum því tengdu. Nemendur sem taka þennan áfanga þurfa að hafa lokið boltavali 1.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist dýpri skilning á boltagreinum
- kynnist undirstöðuatriðum og taki þátt í verklegum æfingum sem ná til tækni, leikfræði og þrekpjálfunar
- læri undirstöðuatriði liðssamvinnu og geti útfært þessi atriði í leikrænum æfingum og leikæfingum
- læri helstu leikreglur í hverri íþróttgrein
- fái tækifæri til þess að dæma knattleiki
- fái grunnþekkingu í uppbyggingu pjálfunar í hverri íþróttgrein
- skipuleggi, búi til og kynni tímaseðil sem inniheldur æfingar fyrir ákveðin tækniatriði í a.m.k. einni boltagrein.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir skólaíþróttir.

Enska framhald – undirbúningur fyrir framhaldsskóla – **Eingöngu fyrir 10. bekk – kennt allt árið í 80 mínútur í senn. Í boði fyrir nemendur í 10. bekk sem eru með einkunnina B eða hærra úr 9. bekk**

Farið er yfir undirstöðuatriði enskrar málfræði, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendum erfið, rifjuð upp í efnislegu samhengi við aðra þætti námsins. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Hraðlesið efni valið við hæfi nemenda. Markvissar hlustunaræfingar. Enskt talmál æft m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn þjálfður með fjölbreyttum æfingum í tengslum við þá efnisflokka sem unnið er með. Nemendum leiðbeint í notkun orðabóka. Lesnar eru smásögur og skáldsögur sem hæfa getustigi nemenda. Ýmis önnur verkefni sem sameina eiga alla færniþætti tungumálsins og byggja upp almennan og sérhæfðan orðaforða eru unnin

jafnt og þétt á önninni. Námsmat fer fram í formi prófs í lok annar ásamt ýmsum verkefnum og prófum á önninni.

Markmiðin eru að nemendur geti:

- hlustað á margvíslegt efni sem ekki er endilega ætlað til enskukennslu (raunefni), dregið út upplýsingar og tileinkað sér ný orð.
- tekið þátt í almennum samræðum á ensku, t.d. innan kennslustofunnar við skólafélaga og kennara sem og við enskumælandi fólk eftir því sem tækifæri gefst til.
- lesið margvíslegan texta, t.d. óstytta bókmenntatexta ætlaða enskumælandi fólki, aðgengilega fræðitexta af ýmsum sviðum og almennt efni í blöðum, tímaritum og á Netinu.
- skrifað um fjölbreytt efni, t.d. í formi rökfærsluritgerða og ýmissa styttri ritaðra texta.
- kunnað skil á grundvallaratriðum enskrar málfræði.
- notað orðabækur sér til gagns og ekki einungis til að komast að merkingu orða heldur einnig varðandi notkun þeirra, orðflokk og framburð.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir erlend tungumál.

Enski boltinn – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Kennt allt árið í 80 mínútur í senn.**

Leikir í hverri viku skoðaðir og spáð í spilin fyrir næstu umferð. Nemendur vinna mismunandi verkefni í kringum ensku úrvalsdeildina í fótbolta. Samþætting milli ensku (með því að skoða og lesa fréttir af liðunum í erlendum miðlum), upplýsingatækni (verkefni unnið þar sem uppáhalds lið er kynnt fyrir hópnum og tækni notuð)

Markmið: Kynna nemendum fyrir úrvalsdeildinni, bera saman lið, peninga liðanna, leikmenn, þjálfara og stuðningsmenn. Afla upplýsinga um atriði sem nemendur hafa áhuga á að kynna sér betur. Kenna upplýsingaöflun, kenna uppsetningu á kynningu (framsetningu).

Námsmat: Virkni í tímum og eitt stórt verkefni á hvorri önn gildir til einkunna.

Fab lab – Í boði fyrir 8.-10. bekk. **Valið er kennt á haustönn í 80 mínútur í senn.**

Unnið verður með teikniforritið Inkscape og þrívíddarforritið TinkerCad. Nemendur hanna verkefni sem kennari og nemendur ákveða. Verkefni verða síðan prentuð út eða skorin í viðeigandi tækjum. Tæki verða fengin að láni í nokkrar vikur í senn frá sameiginlegum búnaðarbanka Reykjavíkurskóla og laserskeri í Borgarholtsskóla notaður ef leyfi fæst til.

Hæfniviðmið, nemandi getur

- nýtt sér möguleika laserskera og límmiðaskera á markvissan hátt
- nýtt teikniforritið Inkscape til sköpunar
- nýtt þrívíddarforritið TinkerCad til sköpunar
- valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt ábyrga notkun á tölvubúnaði
- útskýrt hugmyndir sínar með teikningu
- unnið sjálfstætt eftir verkáætlun
- hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu
- sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir verkgreinar.

Fermingarskreytingar – í boði fyrir 8.bekki. **Valið er kennt á haustönn, 80 mínútur í senn.**

Lögð verður áhersla á verkefni sem tengjast fermingunni, s.s. gestabækur, litla ramma, borðskraut, kertastjaka og ýmis konar muni úr tré, gleri, pappír, plexigleri og öðru því sem hugurinn gírnist.

Hæfniviðmið eru að nemandi geti valið aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra, útskýrt hugmyndir sínar fríhendi teikningu, beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir verkgreinar.

Fingrasetning – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt á haustönn í 40 mínútur í senn.**

Nemendur þjálfa vélritunarhraða sinn og rétta fingrasetningu með vélritunarforritum og textum til innsláttar. Lögð verður áhersla á réttar vinnustellingar við tölvuna.

Markmið að nemendur geti slegið inn villulausan texta að lágmarki 150 slög á mínútu (30 orð) með blindskrift og réttri fingrasetningu.

Námsmat byggist á vinnu í tímum s.s. verkefnum, ástundun og framför miðað við matsmarkmið í aðalnámsskrá fyrir upplýsingatækni.

First Lego League – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt á haustönn í 80 mínútur í senn.**

Valnámskeið þar sem lokamarkmiðið er First Lego League keppnin sem haldin verður um miðjan nóvember n.k. á vegum Háskóla Íslands, Nýherja, Krumma og fleiri samstarfsaðila. Keppnin er haldin í Háskólabíó- stóra salnum.

Nemendur undirbúa sig fyrir keppnina sem felst í því að:

- rannsaka og leysa raunverulegt vandamál sem byggir á þema áskorunarinnar
- kynna rannsóknir sínar og lausnir
- smíða sjálfvirkt vélmenni með verkfræðilegum aðferðum

Áskorun FLL byggist á því að:

- hvetja börn til að hugsa eins og vísindamenn og verkfræðingar
- bjóða upp á skemmtilegt og skapandi verklegt nám
- kenna börnum að gera tilraunir og sigrast á hindrunum
- byggja upp sjálfsvirðingu og sjálfstraust

Valnámskeiðið hefst strax í upphafi annar og lýkur með keppninni á laugardegi í nóvember. Nemendur mæta í fasta tíma og aukatíma eins og þurfa þykir (meira eftir því sem nær dregur keppnisdegi). Á keppnisdegi er gert ráð fyrir að nemendur mæti líkt og um kennsludag sé að ræða.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir upplýsinga- og tæknimennt.

Fornám ökunáms – Eingöngu fyrir 10. bekk. **Valið er kennt á haustönn í 80 mínútur í senn.**

Valgreinin er góður undirbúningur fyrir hefðbundið ökunám. Verklegir tímar, hópvinna og verkefni.

Markmiðin eru að kynna:

- bifreiðar og virkni þeirra
- helstu reglur í umferðinni
- umferðamerki
- umhirða bifreiða
- öryggi

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir samfélagsgreinar og lífsleikni.

Forritun – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt á vorönn í 80 mínútur í senn.**

Valnámskeið þar sem kynnt eru undirstöðuatriði í forritun. Farið verður í gegnum nokkur forritunarmál og grunnatriði í þeim kennd. Forritunarmálin sem kennd verða eru HTML5, CSS og Python. Auk þess verður Lego Mindstorms vélmennið forritað með Mindstorms forriti.

Markmiðin eru að

- vekja áhuga nemenda á frekara tölvunámi
- nemendur skilji betur hvernig vefsíður eru uppbyggðar

- nemendur geti búið til einföld forrit
- nemendur skilji hvernig þjarkar (vélmenni) eru forritaðir til að vinna hin ýmsu verk í t.d. iðnaði og á sjúkrahúsum.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir upplýsinga- og tæknimennt.

Frjálsar hendur – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt á haust- eða vorönn í 80 mínútur í senn.**

Farið verður í ýmis verkefni og eru notaðar til þess ýmsar aðferðir, s.s. vélsaumur, þrjón, hekl, útsaumur og fl. Nemendur byggja á þeirri þekkingu sem þeir hafa öðlast í skyldunámi og fá tækifæri til að læra meira. Verkefnin eru valin í samráði við kennara og miða við getu hvers og eins. Gert er ráð fyrir einhverri heimavinnu eftir því sem við á. Gerð er meiri krafa um vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum en í skyldunámi.

Markmið: Að nemendur öðlist færni í að vinna sjálfstætt að verkefnum tengdum textílmennt. Að nemendur auki þekkingu sína og noti þá þekkingu sem fyrir er.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir verkgreinar.

Heilsuefning, útivist/núvitund/slökun – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt á haust- eða vorönn í 80 mínútur í senn.**

Hugmynd um heilsuefningu snýr bæði að líkama og sál. Áherslan er einkum á útivist og að nemendur læri að staðsetja sig í náttúrunni og þekkja kennileiti. Lesa í náttúruna og meta hana. Farið verði í nokkrar gönguferðir mismunandi langar, á mismunandi staði óháð veðri. Auk þess verða æfingar í slökun og núvitund. Gert er ráð fyrir því að kennslan verði að mestu leyti utan húss en nokkrir tímar í kennslustofu. Einhverjir tímar verða sameinaðir til að fara í lengri gönguferðir. Teygjuæfingar í lok hverrar gönguferðar.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist náttúrunni, læri að meta hana og að njóta hennar
- læri að búa sig til útivistar í hvaða veðri sem er
- læri nokkrar teygjuæfingar
- kynnist æfingum í slökun og núvitund

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir skólaíþróttir.

Hekli – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt á vorönn í 80 mínútur í senn.**

Lögð verður áhersla á að vinna verkefni sem eru umhverfisvæn, s.s. margnota bómullarskífur, netapoka og fleiri nytjahluti, auk þess bjöllur og snjókorn. Frjáls verkefni eftir því sem tími vinnst til.

Hæfniviðmið eru að nemandi geti lært:

- aðferðir í hekli til að vinna ýmis verkefni sem nýtast í hinu daglega lífi.
- að fara eftir uppskriftum og hekla eftir merkjum.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir verkgreinar.

Hraustar stelpur – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt allt árið 80 mínútur í senn.**

Valið er hugsað fyrir stelpur í 8. – 10. bekk sem æfa engar íþróttir en hafa áhuga á að rækta líkama og sál í góðum félagsskap. Farið verður í léttar göngur, styrktaræfingar, sund og slökun ásamt fræðslu um almennt heilbrigði.

Markmið er að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að stunda holla og góða hreyfingu fyrir líkamlega og andlega heilsu. Einnig tengsl næringar og mataræðis við heilsuna. Nemendur halda tímabundna hreyfidagbók og matardagbók, gera sér áætlanir varðandi hreyfingu og mataræði og vinna verkefni tengda líkamlegri og andlegri heilsu. Tekið er tillit til verkefnavinnu, þátttöku og samvinnu.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið Aðalnámsskrár í íþróttum.

Hundar sem gæludýr – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Kennt á vorönn í 80 mínútur í senn.**

Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa áhuga á að eiga hund sem gæludýr eða eiga hund sem gæludýr. Markmiðið með valáfanganum er að nemendur læri að umgangast hunda og viti hvað beri helst að varast varðandi hundahald. Valáfanginn er kenndur eina kennslustund í viku og spannar eina önn. Kennslustundirnar fara að miklu leyti fram utandyra þar sem farið er með hundana í göngutúra um hverfið en með þeim hætti læra bæði nemendur og hundar að umgangast stóran hóp af hundum. Í kennslustundum innandyra er farið yfir umhirðu gæludýra, almenna fræðslu um eiginleika hunda, fjallað um þróun og sögu hundategunda í tímans rás, tengsl manns og hunds, margvísleg hlutverk hunda í samfélögum manna og fleira þess háttar.

Hönnun og smíði – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið á haustönn eða vorönn í 80 mínútur í senn.**

Nemendur smíða hluti bæði eftir tilbúinni verklýsingu og vinnuteikningu og eftir eigin hugmyndum sem þau hanna og smíða frá grunni. Nemendur teikna hugmyndir og vinnuteikningu, gera verkáætlun og velja sjálf efni, samsetningar og yfirborðsmeðferð við hæfi. Lögð er áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

Hæfniviðmið er að nemandi geti:

- valið aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra,
- útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,
- unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu,
- framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skrófun,
- gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag,
- beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir verkgreinar.

Íslenska framhald – undirbúningur fyrir framhaldsskóla – **Eingöngu í boði fyrir nemendur í 10. bekk.** **Kennt allt árið í 80 mínútur í senn.**

Í áfanganum verður megináhersla lögð á að lesa Njáls sögu. Skoðaður verður hugmyndaheimur Íslendingasagna og einkenni þeirra. Kennari les Njáls sögu með nemendum og unnin verða ýmist einstaklings- eða hópverkefni. Nemendur lesa skáldsöguna Ljósu eftir Kristínu Steinsdóttir og kynast nemendur einnig norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Námsefni: Brennu-Njáls saga. Jón Böðvarsson annaðist útgáfuna. Iðnú. Ragnhildur Richter og fl. Íslenska tvö. Kennslubók í íslensku fyrir framhaldsskóla. Endurskoðuð útgáfa. 2015. Mál og menning/Edda útgáfa. Reykjavík.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir íslensku. Hæfniviðmið í íslensku sem öðru tungumáli eru sett fram í þremur flokkum, þ.e. lestur, bókmenntir og ritun.

Jafnrétti – í boði fyrir 8. – 10. bekk. **Kennt á haust- eða vorönn 80 mínútur í senn.**

Markmiðið er að fara yfir helstu atriði þess sem kallast í daglegu tali jafnrétti. Barnasáttmáli Sameinuðupjóðanna verður skoðaður og ræddur. Kenningar í félags- og kynjafræði verða skoðaðar, t.d. tvíhyggja, félagsmótun, staðalímyndir, kyn, kynhlutverk og fleira. Me too, free the nipple, sexdagsleikinn, eitruð karlmennska og fleiri samtímafyrirbæri verða skoðuð. Við skoðum samskipti og hvað er gott að hafa í huga þegar við notum í auknum mæli tækni og samfélagsmiðla til að eiga í samskiptum við annað fólk.

Markmið að nemandi geti:

- sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni

- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs síns og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnmalalegum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningar, trúar- og lífsviðhorfum
- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmynda og haft áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt
- beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd
- lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess
- rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og að hann þekki almenn ákvæði um mannréttindi

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir samfélagsfræði.

Jóga – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Kennt á haustönn í 60 mínútur í senn.**

Nemendur kynnast hugmyndum jógafræðanna og öðlast færni í öndun og grunnjógastöðum og slökun í lok hvers tíma.

Markmið að nemendur:

- öðlist færni í og læri öndun og grunnjógastöður og geti nýtt sér jóga sem tæki í eigin lífi m.a. til að vinna bug á spennu, streitu og ofvirkum huga.
- að nemendur geti nýtt sér aðferðir jóga í daglegu lífi til að bæta m.a. almennt heilbrigði, svefn, athygli, einbeitingu, hamingju og gleði.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir skólaípróttir.

Jóga nidra/slökun – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Kennt á vorönn í 40 mínútur í senn.**

Nemendur kynnast tækni og aðferðum í öndun, athygli og slökun og fá þjálfun í slökun í hverjum tíma liggjandi á dýnu.

Markmið að nemendur:

- öðlist færni í að geta nýtt sér öndun og slökun til að vinna bug á spennu, streitu og ofvirkum huga í daglegu lífi, ma. eigin viðbrögðum við umhverfinu.
- að nemendur geti nýtt sér öndun og slökun í daglegu lífi til að bæta m.a. almennt heilbrigði, svefn, athygli og einbeitingu.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir skólaípróttir.

Jólaval – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt á haustönn í 80 mínútur í senn.**

Nemendur smíða sér fjölbreytt, jólaleg verkefni úr efnivið að eigin vali, s.s. tré, málmi, gleri og plasti. Lögð er áhersla á hugmyndavinnu, vandað handverk og tækni.

Hæfniviðmið eru að nemandi geti:

- valið aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra,
- útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,
- unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu,
- beitt viðeigandi vinnustillingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir verkgreinar.

Kökubakstur og kökuskreytingar – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Kennt í 80 mínútur á viku haust- eða vorönn.**

Nemendur fá þjálfun í að baka og skreyta heilar kökur og bollakökur. Þeir vinna sjálfstætt eftir að kennari hefur farið yfir vinnuferlið. Farið er yfir eftirfarandi: bakstur, skreytingaraðferðir á köku/ bollaköku, gerð smjörkremis og einfals sykurmassaskrauts. Allir tímar eru verklegir. Mikið er lagt upp úr mismunandi skreytingaraðferðum, bæði með smjörkremsi og sykurmassa. Vinnulag: Allir tímar eru verklegir. Notaður er bókstafakvarði.

Markmiðið er að nemendur:

- fái tilsögn við skreytingar á kökum.
- öðlist færni í að beita fjölbreyttum skreytingaraðferðum.
- tileinki sér hreinlæti í verki við heimilisstöfin.
- tileinki sér góð vinnubrögð og rétta líkamsbeitingu.
- þjálfist í að vinna sjálfstætt.
- geri sér grein fyrir því hvers vegna mikilvægt er að þvo upp samkvæmt ströngustu hreinlætiskröfum.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir verkgreinar. Gerð er krafa um að nemendur geti meðtekið og farið eftir fyrirmælum, bæði munnlegum og skriflegum. Einnig að nemendur vinni skipulega, haldi vinnusvæði hreinlegu, gangi vel frá í lokin, haldi ró sinni, og sýni samstarfsfólki virðingu og vinsemd.

Leiklist – Í boði fyrir 8.-10. bekk. **Valið er kennt allt árið í 80 mínútur í senn.**

Fyrir áramót munu nemendur sem velja leiklist vinna að Skrekksatriði og svo er keppt á sviði í Borgarleikhúsinu fyrir hönd skólans í nóvember. Þar semja nemendur sjálfir atriði og sjá um allt sem tengist því s.s. sviðsmynd, búninga og svo framvegis.

Eftir áramót vinna nemendur að leiksýningu sem sýnd verður í lok skólaárs. Unnið verður út frá handriti og læra nemendur að vinna að og setja upp leikrit. Nemendur sjá einnig um og öðlast reynslu í gerð sviðsmyndar og búninga, markaðssetningu og öðru sem viðkemur sýningunni.

Markmið leiklistarinnar eru m.a. að nemandinn tileinki sér þekkingu á grunnaðferðum og grunntækni greinarinnar og geti nýtt sér þessa þekkingu og færni í leik og starfi, einkum til að byggja upp sjálfstraust og þjálfra samskiptahæfni. Einnig að kynnast hinum ýmsu formum og tækjum leiklistarinnar s.s. hlutverkaleik, paravinnu, spuna, persónusköpun, innlifun, hreyfingu, látbragði, líkamstjáningu og raddbeitingu. Aðalmarkmið er að nemandur geti notið leiklistar á jákvæðan og gagnrýnninn hátt.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir listgreinar.

Líkamsrækt – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt á haust- eða vorönn í 80 mínútur í senn.**

Verklegur áfangi. Nemendur fá kennslu/grunn í almennri líkamsrækt í líkamsræktarstöð.

Farið verður í hluti eins og:

- notkun brennslutækja (hlaupabretti, skíðavél, steppvél og róðravél). Stillingaratriði og hentugt álag (púls.)
- rétt líkamsbeiting í lyftingum, hún skiptir öllu máli.
- notkun og stilling tækja í líkamsræktarstöð.
- notkun frjálsra lóða.
- að þekkja skil á hvaða vöðvar virka við hverja æfingu.
- að vinna eftir prógrömmum.
- að setja sér markmið og vinna eftir þeim.

Markmið áfangans er að nemendur sem hafa áhuga á líkamsrækt læri að æfa rétt og fara sem best með líkama sinn á meðan á því stendur. Einnig fá þau þarna góða aukahreyfingu sem ætti að nýtast mörgum vel.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir skólaípróttir.

Málmtæknival – (MSG1A03) - Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Kennsla fer fram í Borgarholtsskóla, nemendur fá 3 f-einingar fyrir námið. Kennt í 120 mínútur á viku á mánudögum frá kl. 15:30 – 17:30 allt skólaárið.

Málmiðngreinarnar eru fimm; rafeindartækni, logsuða, plötuvinna, rennismiði og vélfræði. Skólaárinu er skipt í fimm hluta þar sem nemendur fá kynningu á framangreindum greinum. Auk þess verður farið í tölvuteikningar.

Námsmat: Gefin er einkunn miðað við viðmið fyrir framhaldsskóla þar sem þetta nám gefur einingar á framhaldskólastigi.

Nemendaráð – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt allt árið í 80 mínútur í senn.**

Félagsmiðstöðin Dregyn starfar eftir hugmyndafræðinni um unglíngalýðræði. Því koma unglíngar eins mikið og unnt er að skipulagi, dagskrárgerð og útfærslum á viðburðum félagsmiðstöðvarinnar. Nemenda- og unglíngaráði og starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar er ætlað að sjá til þess að unglíngalýðræði sé í hávegum haft m.a. með vikulegri fundarsetu þar sem málefni félagsmiðstöðvarinnar eru rædd. Nemendaráðsval stendur öllum til boða og er ekki kosið sérstaklega í hópinn.

Til að hámarka virkni nemenda- og unglíngaráðsmeðlima skiptir ráðið með sér verkum. Allir meðlimir sitja í einu af þremur ráðum nemenda- og unglíngaráðs. Ráðin eru tækniráð, markaðsráð og viðburðaráð og velja meðlimir sér ráð sem þeir hafa áhuga á að þjóna. Auk þess að sjá um almennt skipulag á dagskrá félagsmiðstöðvarinnar munu meðlimir nemenda- og unglíngaráðs fá kennslu í þáttum er varða viðburðastjórnun, markaðssetningu, hvernig á að virkja aðra með sér, styrkingu, sjálfsmyndar o.fl. þætti sem koma að því að efla meðlimi ráðsins félagslega.

Almennt um skyldur nemendaráðsmeðlima eru virkni nemendaráðsmeðlima er gífurlega mikilvæg til þess að félagsmiðstöðin blómstri. Allir meðlimir nemendaráðs hafa ákveðnum hlutverkum að gegna og verða þau metin eftir þessum þáttum:

Þátttaka og mæting í vali (30%)

- mæta á vikulega nemendaráðsfundi og taka virkan þátt í umræðum og verkefnum á fundunum ásamt því að mæta í ferð nemendaráðs í upphafi haustannar.

Þátttaka og mæting í félagsmiðstöðinni (25%)

- taka þátt í viðburðum félagsmiðstöðvarinnar af heilum hug og drífa samnemendur með sér.

Viðburðastjórnun (25% af einkunn)

- skipuleggja almenna dagskrá félagsmiðstöðvarinnar í takt við þarfir, vonir og væntingar unglínganna.
- koma að undirbúningi og útfærslu viðburða og hjálpa starfsfólki við frágang að viðburðum loknum.

Fyrirmyndarhlutverk (10% af einkunn)

- vera fyrirmynd í orði og gjörðum. (gildir 10% af einkunn)
- virkja aðra unglíngar til þátttöku í starfi félagsmiðstöðvarinnar t.d. með jákvæðu umtali, taka sjálfir þátt, upplýsa um starfið, sækja hugmyndir frá unglíngunum o.fl.

Aukaverkefni til hækkunar

- sinna öðrum störfum er fallið gætu inn á borð félagsmiðstöðvarinnar.
- vera talsmaður unglíngar félagsmiðstöðvarinnar og koma hugmyndum og ábendingum þeirra áleiðis inn á borð nemendaráðs.
- aðstoða við 10-12 ára starf Dregyn (kallað Minni-Dregyn).

Meti starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar svo að nemendaráðsmaður sé ekki að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til hans er viðkomandi áminntur eða beðinn að víkja úr ráðinu og þarf þá viðkomandi að finna sér aðra valgrein.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir samfélagsgreinar og lífsleikni.

Plakatgerð, grafík og ýmis prenttækni. – Í boði fyrir: 9-10 bekk. **Kennt á haustönn í 80 mínútur í senn.**

Nemendur kynnst margvíslegri tækni og aðferðum við listsköpun allt frá hugmyndavinnu til fullskapaðs verks. Lögð er áhersla á að virkja ímyndunarafli og skoða og þæla í hugmyndum áður en byrjað er að vinna verkin. Unnið verður með dúkristu og ýmsar leiðir í einfaldri prenttækni sem verður kynnt fyrir nemendum.

Nemendur vinna bæði einstaklingsverkefni og í hóp. Efniviður er pappír, prentlitir, dúkur, karton, pappír o.fl.

Markmið að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega hugmynd til fullmótaðs verk, með ólík efni og miðla.
- kynnist ólíkum miðlum og efnivið til að vinna og efla eigin hugmyndir og sköpun.
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá fyrir listgreinar við lok 9. og 10 bekkjar.

Poplist, málun og blönduð tækni. – Í boði fyrir 9-10 bekk. **Kennt á vorönn í 80 mínútur.**

Nemendur kynnst margvíslegri tækni og aðferðum við listsköpun allt frá hugmyndavinnu til fullskapaðs verks. Lögð er áhersla á að virkja ímyndunarafli og skoða og þæla í hugmyndum áður en byrjað er að vinna verkin. Erró og poplistin verður kynntur fyrir nemendum, farið verður í Hafnarhúsið, Listasafn Reykjavíkur og verk unnin í anda Errós og poplistastefnunar. Unnið verður m.a. með tímarit, dagblöð, blýanta, málningu og myndvarpa.

Markmið að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega hugmynd til fullmótaðs verk, með ólík efni og miðla.
- kynnist listamönnum og stefnum innan greinarinnar og öðlist samhliða því dýpri skilning, getu og hæfni við eigin sköpun.
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá fyrir listgreinar við lok 9. og 10 bekkjar.

Pólska fyrir byrjendur – í boði fyrir 9.og 10. bekk. **Valið er kennt allt árið í 80 mínútur í senn.**

Þessir tímar eru ætlaðir byrjendum í pólsku. Við ætlum að vinna með auðvelda texta sem tengjast daglegu lífi til að læra orðaforða og þjálfra framburð. Í kennslustundum ætlum við líka að nota alls konar spil og verkefni og hlustum á stutt samtöl.

Hæfniviðmið: Í enda þessa námskeiðs verða nemendur:

- færir um að tjá þig í einföldum hversdagslegum aðstæðum.
- færir um að kynna þig.
- færir um að skilja mjög einfalda orðræðu og texta.
- búnir að öðlast innsýn í pólskumælandi menningu og þjóðfélag.

Námsmat: Gefin er einkunn í bókstöfum með hliðsjón af hæfniviðmiðum við lok 1. stigs og matsviðmiðum fyrir erlend tungumál úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Prjónaval – Valið er í boði fyrir 8. til 10. bekk. **Kennt í 80 mínútur á haust- eða vorönn.**

Nemandi byggir ofan á fyrri þekkingu sína. Nemandi fær að velja verkefni út frá færni og áhuga. Hann fær að útfæra hugmyndir sínar og fær tækifæri til að láta sköpunarhæfileika sína blómstra. Áhersla er lögð á að nemandi læri að njóta þeirrar slökunar sem felst í því að þrjóna. Nemandi finni til vellíðunar sem skilar sér í metnaðarfullum verkefnum. Að í lok áfangans finnist nemandanum hann hafa náð angri.

Nemendur ráða hvaða verkefni þeir gera í samráði við kennara. Erfiðleikastig og stærðargráða verkefna fer eftir færni og áhuga nemandans. Ætlast er til að nemandi eigi frumkvæði að verkefnum, geti unnið sjálfstætt, sýni verkefnum sínum áhuga og takist á við hvert þeirra af metnaði. Fjöldi verkefna fer eftir hverjum og einum nemanda en nemandi þarf að lágmarki að ljúka einni afurð.

Markmið með áfanganum er að nemandi:

- byggi ofan á þá kunnáttu sem fyrir er (einstaklingsbundið) (listgreinar).
- fá tækifæri til að hafa áhrif á námið sitt.
- efli sköpunarhæfileika sína.
- kunni að þrjóna slétt og brugðið (textílmenn).
- öðlist færni í að útfæra sitt eigið mynstur (stærðfræði).
- geti þrjónað mynstur (stærðfræði).
- þrjóni eftir uppskrift á íslensku (íslenska).
- læri að njóta þeirrar slökunar sem felst í því að þrjóna (lífsleikni).
- þjálfist í að þrjóna og hlustað/horfa á sama tíma sér til ánægju (lífsleikni).

Námsefni eru bækur og blöð frá kennara og eða bókasafni. Internetið s.s. garnstudio.com og annað efni að frumkvæði nemenda

Námsmat: Vinnusemi í kennslustundum og heima, sjálfstæð vinnubrögð, umgengni og sköpun.

Saga rokksins – Í boði fyrir 9.-10 bekk. **Kennt á vorönn í 80 mínútur.**

Í áfanganum verður farið yfir helstu þætti í sögu rokktonlistar. Völdum tónlistarmönnum og hljómsveitum verða gerð góð skil. Kennslan fer fram með fyrirlestrafyrirkomulagi, hlustað og horft á hljóðbrot og myndbrot ofl.

Námsmat: Gefin er einkunn með hliðsjón af hæfniviðmiðum og matsviðmiðum fyrir samfélagsgreinar úr Aðalnámsskrá grunnskóla. Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda í tímum og þurfa nemendur að skila einu verkefni.

Skartgripagerð – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt á vorönn, 80 mínútur í senn.**

Lögð verður áhersla á skartgripasmíði úr ýmis konar efnivið, s.s. tré, málm, leðri og plasti. Tálgaðar verða tréperlur úr trjágreinum og þær litaðar og notaðar í skartgrip.

Hæfniviðmið eru að nemandi geti valið aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra, útskýrt hugmyndir sínar með fríhendisteikningu, beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir verkgreinar.

Skólahreysti – nóvember til mars. Í boði fyrir nemendur í 8. - 10. bekk. **Valið er kennt í 80 mínútur í senn.**

Áfanginn er fyrir nemendur sem **hafa mikinn áhuga á að keppa fyrir hönd skólans í Skólahreysti**. Í tímunum verður farið í æfingar til að bæta árangur og færni nemenda í keppnisgreinum Skólahreysti. Farið verður í tækni og reglur Skólahreysti.

Markmiðin eru að bæta færni nemenda í keppnisgreinum Skólahreysti. Þjálfar þá sem hafa áhuga á að keppa og byggja upp samhentan hóp sem leggur metnað í að keppa í Skólahreysti.

Kennslan fer fram í íþróttahúsum Vættaskóla og líkamsræktarstöð. Líkamsvitund, leikni og afkastageta og virkni.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir skólaíþróttir.

Skúlptúragerð – Þrívíð verk unnin með vír og ýmis efni. Í boði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. **Kennt á vorönn í 80 mínútur í senn.**

Nemendur kynnst aðferðum og tækni við gerð þrívíddarverks. Unnið verður með mannslíkamann og þælt í hlutföllum og formum auk þess sem lögð er áhersla á að virkja ímyndunarafli. Lögð er áhersla á ferli hugmyndavinnu til loka verks. Unnið verður með vír, pappír, lím, málningu o.fl. við mótun skúlptúra.

Markmið að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega hugmynd til fullmótaðs verk, með ólík efni og miðla.
- kynnist ólíkum miðlum og efnivið til að vinna og efla eigin hugmyndir og sköpun.
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá fyrir listgreinar.

Slökun og stefnumótun/Jóga nidra og markþjálfun – Í boði fyrir 9.-10. bekk. **Kennt á vorönn í 40 mínútur í senn.**

Nemendur kynnst tækni og aðferðum í öndun, athygli og slökun og fá þjálfun í slökun í hverjum tíma liggjandi á dýnu. Nemendur skoða hver fyrir sig, eiginleika, gildi og væntingar sem þeir vilja vinna með hjá sér til að styrkja sig og efla. Hópurinn vinnur einnig með gildi sem eflir hann og styrkir. Í tímanum er jóga nidra og markþjálfun fléttað saman í eina heild. Með stuðningi og endurgjöf, ná nemendur markmiðum sínum hraðar.

Markmið að nemendur:

- öðlist færni í að geta nýtt sér öndun og slökun til að vinna bug á spennu, streitu og ofvirkum huga í daglegu lífi, ma. eigin viðbrögðum við umhverfinu.
- að nemendur geti nýtt sér öndun og slökun í daglegu lífi til að bæta m.a. almennt heilbrigði, svefn, athygli og einbeitingu.
- að nemendur taki skref sem gerir framtíðarsýn, markmið og óskir þeirra að veruleika.
- að nemendur eflist í trú á eigin getu.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir skólaíþróttir.

SNAG golf – Í boði fyrir nemendur í 8. -10. bekk. **Valið er kennt bæði á haust- eða vorönn í 80 mínútur í senn.**

Hvað er SNAG golf? SNAG snýst um að hafa gaman á meðan verið er að læra grundvallaratriðin í golfi. Hugtökin sem notuð eru í SNAG skapa skýrar myndir í huga nemandans og stuðla þannig að auknum skilningi hans á golfleiknum. Heimild: http://hissa.is/index.php?option=com_content&view=article&id=147&Itemid=580

Kennsluáferðir verða verkleg kennsla í íþróttasal og utandyra. Myndbönd. Þeir námsþættir sem farið verður í eru staða, grip, sveifla og önnur tækniatriði. Helstu kennslugögn sem notuð verða eftirfarandi. Kyllfur, boltar og hringir og ýmisleg verkfæri sem tilheyra SNAG golfi. Venjulegar golfkyllfur og boltar. Myndbönd.

Farið verður í nokkrar ferðir á Thorsvöllinn hjá GR sem er æfingavöllur.

FOLF – frísí golf er ört vaxandi íþrótt hér á landi. Það eru fjölmargir vellir hér á landi sem hægt er að sækja og er frítt inná þá. Farið verður í grunnreglur FOLF-sins, grip, köst, diska og leikreglur. Reynt verður að fara í fáeinar ferðir á mismunandi velli.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist golf og FOLF
- tileinki sér undirstöðuatriði íþróttarinnar

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir skólaípróttir.

Snyrtifræði – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt bæði á haust- eða vorönn í 60 mínútur í senn.**

Kynnt verður umhirða húðar og hvers vegna hún er mikilvæg. Nemendur fá fræðslu um hvernig er best að hreinsa húðina dagsdaglega ásamt djúphreinsun. Nemendur fá að sjá 2-3 farðanir, hvernig þær eru gerðar. Nemendur koma síðan með sínar förðunarvörur og prófa sig áfram með handleiðslu kennarans. Einn tími fer í að kynnst nöglum og umhirðu þeirra ásamt því hvernig hægt er að gera mynstur á neglurnar á mjög einfaldan hátt. Nemendur viti mun á hárvexti og hvernig hárvöxtur getur aukist ef eftir því hvað aðferð er notuð til að fjarlægja óæskilegan hárvöxt (t.d. hár á fótum eða undir höndum) Rakstur og vax

Markmiðin eru að nemendur:

- þekki hlutverk húðar og mikilvægi góðrar umhirðu.
- þekki helstu atriði sem þarf að hafa í huga við förðun.
- þekki mikilvægi hreinlætis bæði á eigin líkama og ekki síður vörum og förðunaráhöldum.
- öðlist grunnfærni í meðhöndlun snyrtivara.

Námsmat er miðað við matsviðmið í Aðalnámskrá grunnskóla.

Spaðaípróttir – Í boði fyrir 8.-10 bekk. **Valið er kennt bæði á haust- eða vorönn í 80 mínútur í senn.**

Farið verður í helstu spaðagreinar sem stundaðar eru hér á landi s.s. badminton, tennis og borðtennis. Að auki verður farið í kylfugreinar eins og bandy og golf ef veður leyfir. Námið verður að mestu verklegt og fer fram í íþróttahúsum í Vættaskóla. Farið verður í reglur, grunntækni og leikfræði.

Markmiðin eru að auka áhuga á spaðaípróttum. Spaðaípróttir eru frábær hreyfing sem hægt er að stunda alla ævi. Aukin hreyfing bætir lífsgæði fólks.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir skólaípróttir.

Starfsnám allt árið – Í boði fyrir 8.-10 bekk. Starfsnámið verður **á miðvikudögum frá kl. 13:30- 16:30 frá október fram í febrúar/mars**. Vættaskóli, Félagsmiðstöðin Dregyn og frístundaheimilin Brosbær og Hvergiland bjóða unglingum að koma í starfsnám á frístundaheimilin. Helstu verkefni eru samráð og samvinna við börn og starfsfólk Frístundaheimilis og að leiðbeina og vinna með börnum í frístundastarfi. Hæfniskröfurnar eru stundvísi, frumkvæði, áhugi á að vinna með börnum og færni í samskiptum. *Nemendur þurfa að sækja formlega um starfsnámið.* Nemendur eru undirbúnir af félagsmiðstöðinni og boðuð í viðtal á frístundarheimilinu. Hver nemandi þarf að skila 24 klukkustundum, 21 í vinnu og 3 í verkefnaskil. Ekki er hægt að sækja um aftur ef nemandi hefur áður fengið starf í á frístundarheimilinu.

Markmiðin eru að:

- efla samskiptafærni unglunga
- kenna unglingum viðburðastjórnun
- þjálfva unglunga í að sækja um starf og fara í atvinnuviðtal
- kynna starfsemi frístundaheimila í báðum skólabyggingunum
- gefa börnum tækifæri til að kynnst unglingum í skólanum

Námsmat: Nemandi fær skriflega umsögn/meðmæli að starfsnámi loknu sem viðkomandi getur nýtt sér síðar til að sækja um starf. Nemandi skilar af sér eftirfarandi verkefnum: tveimur viðburðum á tímabilinu og greinargerð um upplifun sína meðan á starfsnáminu

stendur. Þar ritar hann upplifun sína og þælingar sem verkefnisstjóri Frístundaheimilis og aðstoðarskólalastjóri fara yfir.

Námsmat: Lokaeinkunn er lokið/ólokið.

Stærðfræði framhald – Undirbúningur fyrir framhaldsskóla - **Valið er kennt allt árið í 80 mínútur í senn. Í boði fyrir nemendur í 10. bekk sem eru með einkunnina B eða hærra úr 9. bekkjar- stærðfræði.**

Námskeiðið hentar því þeim sem hafa mjög góð tök á stærðfræðinni. Lögð verður áhersla á að nemendur temji sér sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð. Í áfanganum er talnameðferð rifjuð upp. Einnig er fjallað um grundvallaratriði í algebru, jöfnur, hnitakerfi, jöfnu beinnar línu, rúmfræði, hlutföll og hornaföll í réttthyrndum þríhyrningi. Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna.

Markmiðin eru að nemendur:

- geti sett upp og leyst verkefni sem fela í sér jöfnur og formúlur.
- geti beitt fjölbreyttum vinnubrögðum við lausn stærðfræðilegra verkefna.
- efli reikningslega færni sína.
- suki kunnáttu sína í táknrænni túlkun.
- fái yfirsýn yfir reiknireglur.
- fái þjálfun í skilmerkilegri framsetningu.
- þjálfri rökræna hugsun.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir stærðfræði.

Stærðfræðigrunnur 8 – Eingöngu fyrir nemendur í 8. bekk. **Valið er kennt allt árið í 40 mínútur í senn.**

Valið er hugsað fyrir þá sem vilja bæta árangur sinn í bekkjarstærðfræðinni. Stefnt er að sömu markmiðum og unnið með sömu efnisatriði á hverjum tíma og er því valið í raun viðbót við bekkjarstærðfræðina. Stíf vinna verður í tímum, en engin heimavinna. Nemendur geta komið með óskir um efnisatriði sem tekin verða fyrir.

Markmið að nemandi:

- auki þekkingu sína í stærðfræði.
- öðlist betri skilning og færni í að fást við undirstöðuatriði stærðfræðinnar.
- þjálfist í notkun helstu hugtaka stærðfræðinnar.
- nái betri tökum á erfiðum atriðum bekkjarstærðfræðinnar.
- taki þátt í umræðum um stærðfræðileg viðfangsefni.

Námsmat: byggir á sjálfsmati nemenda og mati kennara þar sem tekið er tillit til virkni, virðingar, þátttöku og ábyrgðar. Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir stærðfræði.

Stærðfræðigrunnur 9 – Eingöngu fyrir nemendur í 9. bekk. **Valið er kennt allt árið í 40 mínútur í senn.**

Valið er hugsað fyrir þá sem vilja bæta árangur sinn í bekkjarstærðfræðinni. Stefnt er að sömu markmiðum og unnið með sömu efnisatriði á hverjum tíma og er því valið í raun viðbót við bekkjarstærðfræðina. Stíf vinna verður í tímum, en engin heimavinna. Nemendur geta komið með óskir um efnisatriði sem tekin verða fyrir.

Markmið að nemandi:

- auki þekkingu sína í stærðfræði.
- öðlist betri skilning og færni í að fást við undirstöðuatriði stærðfræðinnar.
- þjálfist í notkun helstu hugtaka stærðfræðinnar.
- nái betri tökum á erfiðum atriðum bekkjarstærðfræðinnar.
- taki þátt í umræðum um stærðfræðileg viðfangsefni.

Námsmat: byggir á sjálfsmati nemenda og mati kennara þar sem tekið er tillit til virkni, virðingar, þátttöku og ábyrgðar. Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir stærðfræði.

Stærðfræðigrunnur 10 – Eingöngu fyrir nemendur í 10. bekk. **Valið er kennt allt árið í 40 mínútur í senn.**

Valið er hugsað fyrir þá sem vilja bæta árangur sinn í bekkjarstærðfræðinni. Stefnt er að sömu markmiðum og unnið með sömu efnisatriði á hverjum tíma og er því valið í raun viðbót við bekkjarstærðfræðina. Stíf vinna verður í tímum, en engin heimavinna. Nemendur geta komið með óskir um efnisatriði sem tekin verða fyrir.

Markmið að nemandi:

- Auki þekkingu sína í stærðfræði.
- Öðlist betri skilning og færni í að fást við undirstöðuatriði stærðfræðinnar.
- Þjálfist í notkun helstu hugtaka stærðfræðinnar.
- Nái betri tökum á erfiðum atriðum bekkjarstærðfræðinnar.
- Taki þátt í umræðum um stærðfræðileg viðfangsefni.

Námsmat: byggir á sjálfsmati nemenda og mati kennara þar sem tekið er tillit til virkni, virðingar, þátttöku og ábyrgðar. Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir stærðfræði.

Viðburðastjórnun – Í boði fyrir nemendur í 8. - 10. bekk. **Valið er kennt allt árið í 80 mínútur í senn.** Suma daga erum við lengur og þá sérstaklega þegar nær dregur árhátíð. Á móti kemur að val hættir fyrr að vori.

Nemendur vinna í sameiningu að því að skipuleggja árshátíð skólans. Kosnir eru þrjú hópstjórar sem eru fremstir meðal jafningja og úthluta verkefnum sem nemendur hafa í sameiningu ákveðið að unnið skal að í tengslum við árshátíðina, s.s. þema og fleira. Einnig munu nemendur í smærri hópum undirbúa, skipuleggja og stjórna minni viðburðum á skólatíma.

Markmiðið að nemendur :

- séu meðvitaðir um þátt tilfinninga í öllum samskiptum.
- grein fyrir gildi og verðmæti jákvæðs áreitis.
- beri virðingu fyrir samnemendum sínum og ólíkum skoðunum.
- geti tjáð og rökrætt hugsanir sínar, skoðanir, tilfinningar og væntingar til að komast að sameiginlegri niðurstöðu.
- sé fær um að beita gagnrýninni hugsun í samskiptum, skapandi starfi, við að setja sér markmið og taka ákvarðanir.
- skilji gildi þess að rækta frumkvæði sitt og sköpunargáfu á eigin forsendum.
- geti tjáð og fært rök fyrir hugsunum sínum og skoðunum á formlegum fundum.
- þjálfist í skipulagsvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í hópastarfi.
- þjálfist í viðburðastjórnun og ábyrgð með því að skipuleggja minni og stærri viðburði.

Námsmat: Miðað við lykilhæfni í Aðalnámskrá grunnskóla og tillit tekið til samvinnu, tímavinnu, sjálfstæðis, frumkvæðis og ábyrgðar á verkefnum og viðfangsefnum.

Zumba – Í boði fyrir 8.-10. bekk. **Valið er kennt á haustönn í 60 mínútur í senn.**

Zumba er sjóðheit líkamsrækt sem hefur farið sigurför um heiminn. Zumba er sambland af dansi og fitness þar sem notast er við suður ameríska tónlist.

Nemendur kynna helstu dansstílum sem notaðir eru í zumba, læra grunnsporin í þeim, þar sem kenndir eru dansar í líkingu við salsa, merengue, reggaeton, cumbia o.fl.

Hæfniviðmið eru að:

- nemandi geti samhæft tónlist og hreyfingu með góðri líkamsvitund og líkamsbeitingu. nemandi geti dansað mismunandi dansform sér til ánægju, sýnt öryggi og færni til að dansa einn eða sem hluti af pari eða hópi.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir skólaípróttir.

Þýska – fyrir 9. og 10. bekk - **Valið er kennt allt árið í 80 mínútur í senn.**

Nemendum er kennt einu sinni í viku, tvær kennslustundir í einu allan veturinn. Ýmist verður bein innlögn af töflu frá kennara eða nemendur vinna í vinnubókum sínum eða verkefnum frá kennara. Einnig verður munnleg kennsla, bæði frá kennara og að nemendur tali sín á milli. Heimildamynd og leiknar myndir verða líka sýndar ásamt hlustunarefni. Þar að auki verður farið í tónlistartexta af netinu og bæði hlustað og unnið með þá.

Markmið:

- lestur: að nemendur geti lesið einfalda texta sem innihalda algengan
- orðaforða sem tengist daglegu lífi.
- ritun: að nemendur verði færir um að rita á þýsku einfalda texta um sjálfan sig og umhverfi sitt.
- tal: að nemendur verði færir um að tjá sig með þeim orðaforða sem þeir afla sér og geti borið rétt fram.
- málfræði: að nemendur hafi náð tökum á nokkrum grundvallaratriðum þýskrar málfræði.
- hlustun: Að nemendur verði færir um að skilja þýskt mál, sem kennari eða aðrir nemendur tala og af geisladiskum.
- að nemendur auki þekkingu sína á sögu Þýskalands og fái innsýn inn í menningu landsins.
- að nemendur hafi tileinkað sér jákvætt viðhorf til þýskunámsins og öðlist trú á eigin kunnáttu.

Kennslufyrirkomulag: Námsefni: „Beste Freunde“, lesbók og vinnubók. Einnig geisladiskur sem fylgir. Ljósrituð verkefni frá kennara.

Námsmat: Með hliðsjón af hæfniviðmiðum og matsviðmiðum fyrir erlend tungumál úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Val utan skóla -

Hægt er að velja **ípróttir, knattspyrnuakademía, tónlist, myndlist** eða aðrar viðurkenndar listgreinar utan skóla sem valgrein. **Sótt er um það á sér blaði.**

Valið er ekki tekið gilt nema umsókninni sé skilað undirritaðri á skrifstofu skólans. Að hausti fá nemendur afhent blað sem fylla þarf út og skila til aðstoðarskólastjóra með nafni og símanúmeri þjálfara eða kennara. Aðstoðarskólastjóri hefur samband við viðkomandi þjálfara/kennara til að kanna mætingu nemenda í viðkomandi grein.

- **foreldrar bera ábyrgð** á þessu námi barna sinna gagnvart Vættaskóla og láta vita ef einhver misbrestur verður á.
- ef nemandi hættir í þessu vali ber honum og foreldrum skylda til að láta aðstoðarskólastjóra vita.
- þeir nemendur sem ekki uppfylla mætingarskyldu fá ólokið á einkunnarspjaldið sitt og geta þar af leiðandi ekki valið þetta fag á næstu önn/skólaári.
- umsóknareyðublaðið er hægt að nálgast á skrifstofu skólans.
- allur kostnaður af vali utan skóla er greiddur af foreldrum.

Námsmat: Gefið er lokið/ólokið



Valbæklingur nemenda í 8.- 10. bekk

Knattspyrnuakademía - Ætlað unglíngum sem æfa íþróttir og eru í 9. og 10. bekk.

ÍAF er samstarfsverkefni Umf. Fjölnis og unglíngadeilda grunnskóla Grafarvogs. Starfsemi ÍAF felst í góðri líkamlegri þjálfun s.s. snerpu og kraftþjálfun ásamt bóklegri kennslu. Bóklegu fögin eru hagnýt-; íþróttasálfræði, þjálffræði og næringarfræði eru verða á samhliða líkamlegri þjálfun í Egilshöll.

Nánari upplýsingar er að finna hér: <https://fjolnirakademia.wordpress.com/>

Verkefnisstjóri ÍAF er Gunnar Hauksson, hægt er að senda fyrirspurnir til hans á netfangið gunnarh90@gmail.com.

Námsmat: Gefið er lokið/ólokið